

Reykjavík 1. desember 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (samfélagsþjónusta ungra brotamanna).**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Undirrituðum líst vel á þessa tillögu um breytingar á nefndum lögum.

Í greinargerð er þess getið að um sé að ræða viðbótarúrræði sem snerta „unga brotamenn sem þurfa meiri leiðbeiningu og aðhald en hefðbundin skilorðsbinding refsing veitir.“ Í ljósi þess má spyrja hvort ekki sé nauðsynlegt að kveða á um að eftirlit fangelsismálastofnunar með hinum ungu brotamönnum sé í höndum fólks með uppeldisfræðilega menntun. Þó er það nú svo að í 2. mgr. 30. gr. núverandi laga (40. g.r. í frumvarpi til laga um fullnustu refsinga, þingskjal 399, 332. mál) er getið um að stofnunin geti kallað til annars utanaðkomandi eftirlitsaðila í sambandi við samfélagsþjónustu. Í tilvikum ungra brotamanna sem vinna samfélagsþjónustu samkvæmt þessari lagabreytingu mætti hugsa sér að gerð væri krafa um að þessi „annar“ aðili væri uppeldisfræðilega menntaður enda er hluti þess hóps, sem breytingatillagan getur um, lögum samkvæmt börn (15-18 ára).

Með virðingu,

Hreinn S. Hákonarson,  
fangaprestur þjóðkirkjunnar,  
Grensáskirkju,  
Reykjavík.